


YFIR BJARTSÝNISBRÚNA
OVER THE BRIDGE OF OPTIMISM

YFIR BJARTSÝNISBRÚNA
OVER THE BRIDGE OF OPTIMISM

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús
September – nóvember 2003

YFIR BJARTSÝNISBRÚNA
OVER THE BRIDGE OF OPTIMISM

Í samstarfi við Safnasafnið
In collaboration with The Safnasafn

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

INNGANGUR

Sennilega hefur aldrei verið jafn mikil spenna á myndlistarsviðinu og á 20. öld. Líkt og á nær öllum öðrum sviðum vestrænnar menningar var fjölbreytni og ósamlyndi regla tíðarandans á kostnað jafnvægis og kyrrðar. Myndlistin var kynnt undir sífellt nýjum heitum, og listinn yfir liststíla og hreyfingar, sem sífellt voru að sundrast eða sameinast, er nær ótæmandi.

Ein er sú aðgreining í listunum, sem ekki tókst að brúa á nýliðinni öld. Þetta er gjáin milli þeirra sem hafa lagt stund á formlegt listnám og hinna, sem ekkert slíkt nám hafa að baki. Það hefur ekki reynst auðvelt að skilgreina muninn: hinir fyrri hafa verið nefndir lærðir listamenn, menntaðir, akademískir, „alvöru" á meðan hinir síðarnefndu hafa kallast leiknir, næfir, einfarar í listinni, utangarðs-, frístunda- eða alþýðulistamenn.

Almennt hefur verið litið á verk þeirra sem fylla fyrri hópinn af virðingu, og þau gagnrýnd á grundvelli faglegs mats og listræns samhengis; verk hinna síðarnefndu hafa fremur vakið forvitni en oft og tíðum einnig aðdáun, og þá án tilvísunar til hefðbundinnar fagurfræði. Það hefur verið heldur fátítt að listafólk úr síðari hópnum hafi verið talið í hóp hinna útvöldu „alvöru" listamanna, en um leið eru þess fjölmörg dæmi að verk þeirra hafi verið dásömuð í hástert, jafnt af listunnendum sem öðrum listamönnum.

Sýningin „Yfir bjartsýnisbrúna" er tilraun til að eyða þessari aðgreiningu – eða hið minnsta setja stórt spurningarmerki við réttmæti hennar. Markmiðið er að brúa það bil sem hefur verið talið á milli lærðrar og sjálfsprottinnar listar, og sýna verk lærðra og leikra listamanna hlið við hlið sem jafningja – sem verk listafólks, sem hefur sitthvað fram að færa. Listasafn Reykjavíkur og Safnasafnið á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð hafa tekið höndum saman við þetta verkefni, sem vonandi verður til þess að opna augu listunnenda enn og aftur fyrir því að það sem skiptir máli í myndlist eru þau listaverk, sem ná að snerta við þeim, fremur en bakgrunnur þeirra einstaklinga sem hafa skapað þau.

Ég vil þakka Nielsi Hafstein, forstöðumanni Safnasafnsins fyrir samstarfið, sem og öllu því listafólki sem tekur þátt í þessu verkefni með okkur og býð gestum vel að njóta.

Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður

INTRODUCTION

There has probably never been as much tension in the artistic field as in the 20th century. As in other arenas of Western culture, diversity and disagreement were the spirit of the times on the expense of balance and peace. Art was constantly presented under new terminology and the list of styles and movements, that were either merging or disintegrating, is almost endless.

There is one distinction in art that the past century didn't manage to bridge. This is the rift between those that have an academic artistic education and those that don't. It is not an easy task to define the difference: the former have been called professional artists, educated, academic, „real", while the latter have been called amateurs, naïvists, outsiders, hobby artists or popular artists.

Generally the works of the former have been treated with respect, and they have been criticized on the grounds of professional assessment and artistic context; the works of the latter have rather been cause for curiosity and often admiration, but without reference to traditional aestheticism. Artist belonging to the latter have rarely been considered one of the elite, „real" artists, but at the same time there are numerous examples of their works being praised, both by aesthetes and artists.


The exhibition „Over the Bridge of Optimism" is an attempt to eliminate this distinction or at least to question its validity. The goal is to bridge the gap between learned and self-taught art, and to show the works of professionals and laymen side by side as equal. The Reykjavik Art Museum and the Safnasafn in Svalbarðsströnd in Eyjafjörður have joined hands on this project, which will hopefully open people's eyes to the fact that what truly matters in art is those works that evoke feeling and emotion rather than the background of the individuals that created them.

I would like to thank Niels Hafstein, director of the Safnasafn, for the collaboration and also all the artist that participate in this assignment with us. Finally I welcome our guests to the exhibition and hope they enjoy it.

Eirikur Þorláksson,
Director

Níels Hafstein

HRINGFERILL MYNDLISTAR



Lærdómslist – sjálfsprottin tjáning
Alþýðulistin er örlátt haf sem leitandi listamenn dorga í.

Orðið alþýðulist hefur fest sig í sessi í íslensku máli þótt það sé afar óþjált, innihaldsrýrt og nái ekki því sem menn vilja segja með notkun þess. Það er til trafala í umræðum manna á meðal, villandi í almennri gagnrýni og ónýtt í listfræðilegum úttekum. Hið sama má segja um jaðarlist, skrautlist, ættflokka- og hirðlist, list einfara og utanveltufólks og sjálflærða list, enda eru þessi orð einkum notuð um teikningu og mótun sem hefur á sér bernskan blæ. Um leið vantar safnheiti yfir sýnir og vímulist, ýkjulist, veggjakrot, innhverfa og úthverfa viðbragðslist og almenna list sem gerð er í fangelsum og stofnunum fatlaðra. Orðið tækifærislist eða sjálfsprottin list eftir geðblæ og hrifnæmi nær betur þeirri víðfemu merkingu sem menn reyna að fanga, að lýsa list sem ekki fellur afdráttarlaust undir fagurfræði og rannsóknir og er kölluð nútímamyndlist hverju sinni. Sú list var til skamms tíma reist á strangri þjálfun í að liðka olnboga og öxl, beita hönd og úlnlið, halda rétt á blýanti og pensli, draga bein strik eða nákvæma hringi, fá nauðsynlega tengingu milli hugar og handa, að skerpa sjónina. Þá má nefna náin kynni af beinagrind og vöðvum mannsins, að geta teiknað nakta fyrirmynd frá óliklegustu sjónarhornum, úr

fjarlægð og nálægð, ofan frá og neðan, jafnvel beint framan á fingur þannig að tilfinning fengist fyrir því að handleggurinn á bakvið hnefann væri á sínum stað, rétt formaður. Menn urðu að kunna skil á dýptarhreyfingum skugga, breytilegum litum þeirra, bláum, gráum, gulum og svörtum, ljósgildi, ljósflæði og ljósmagni, áferð, þyngd og massa, skipa niður á flötinn, forma í þrívídd samkvæmt myndrænum lögmálum og stöðu í rými, ná tökum á fjarvídd hvers konar fyrirbæra, hvort heldur sem þau eru óregluleg eða hafa ákveðna lögun.
Þótt tiltekinn alþýðulistarmaður kunni ekki að teikna samkvæmt skóla, þá dregur hann upp með sjálfgefnum hætti og næmri tilfinningu sem er inngróin og falslaus. Þótt hann hafi ekki lært að blanda liti þá býr hann yfir ótrúlega víðfemum skala. Og þótt hann kunni ekki að staðsetja viðfangsefni í nánd og fjarska eða raða eftir reglum um skálínur, hlutföll og vægi, þá getur hann eigi að síður byggt upp heild svo að varla verður betur gert.

Aðkoma, framlag
Sá sem stígur hikandi eitt skref áfram,
hörfar strax um nokkra sentimetra til að átta sig á aðstæðunum.

Hvernig getur fólk almennt nálgast myndlist samtímans og hvernig eiga nýir njótendur að skilja hana? Geta þeir greint á milli verka eftir skólaða og sjáflærða menn? Er hægt að flokka list í hámenningu og lágmenningu eftir túlkunum fræðimanna, svo ekki sé talað um álit þeirra sem höndla með list á markaði? Verður ekki að taka sálræna þáttinn með í reikninginn, hugarástandið sem markar sköpunarferlið og ákvarðar endanlega gerð? Er nauðsynlegt að hafa ítarlegar upplýsingar til að geta notið listaverka?
Undanfarna áratugi hefur nokkur vandræðagangur ríkt í samræðum listfræðinga og áhugafólks um alþýðulist og viðbragðslist, hvort heldur sem er í Evrópu eða Bandaríkjunum. Það er einkum tvennt sem hefur valdið fólki hugarangri: Að finna farveg fyrir þá list sem lítur til baka, og þá list sem brýst fram vegna einhvers konar röskunar. Að búa til heppilegt safnheiti sem nái yfir mörg tilbrigði. Hér verða þau helstu nefnd, annars vegar Folk Art, Naive Art, Innocent Art, Primitive Art og Decorative Art, og hins vegar Outsider Art, Art Brut, Graffiti, Marginal Art, Visionary Art og Prison Art, jafnvel Art Therapy.
Bandaríkjamenn tala um sjálflærðan listamann, Self Taught Artist, vegna þess að þeir vilja ekki lítillækka hann, rétt eins og þeir tala um African American í staðinn fyrir Negro eða Black – og vísa þar til jafnréttislaga og skyldur við þjóðarbrot landsins. En á sama tíma halda þeir fjölmennar listamessur undir heitum eins og Outsider Art Fair! Utangarðsmenn njóta þar tímabundinnar athygli og aðdáunar og selja vel, en komast þó fæstir inn á gafl til langframa á sýningar hjá listhúsum og söfnum. Þeir skjóta upp kollinum annað veifið, trana sér fæstir fram, en bíða átekta. Á hinn bóginn er rætt um nútímalist og framúrstefnu, Modern Art og Avant Garde, jafnvel fagurlistir, Fine Arts. Alþjóðleg nútímamyndlist er talin hinn breiði farvegur skapandi hugsunar og framsetningar, þar sem ábyrgir og viðsýnir einstaklingar bera saman bækur sínar og þróa alþjóðlegt myndmál. En er það rétt ályktað? Til eru listamenn sem hafa fengið verðlaun fyrir málverk sem líkjast úrlausnum í myndmeðferð. Aðrir líta til baka í úrræðaleysi og tína upp sitthvað nýtilegt í fyrri stefnum og birta í lítið breyttum búningi. Eru þeir í fararbroddi? Alþýðulistin virðist undirliggjandi straumur í núinu, vegna þess að hún er rík af tilfinningum og gefur öllum færi á sér, undanbragðalaust. Menn sækja í sameign, sem hefur hlaðist upp

og ávaxtast án þess að nokkur hafi tekið eftir henni. Þetta þýðir í raun að í skóluðum listamanni er einhvers konar frumþáttur eða eðliseind sem rís úr djúpinu og minnir á sig. Hver sem bakgrunnur listamannsins er, meðfædd eða lærð leikni, aðferð eða tækni, þá hlýtur ástand vitundarinnar að skipta mestu máli þegar verkið er skapað.

Hringferill myndlistar
Listamannshöndin sveigir þrívíðan skuggann að vilja sínum.
Það mótar fyrir mynd. Brátt mun formið rísa upp og átta sig á stöðunni.

Er hægt að styðjast við hugtök úr alþýðulist og setja þau í vitrænt samhengi, raða þeim í einfalt kerfi? Skoða um leið hugtök úr alþjóðlegri nútímalist og búa til ný, þannig að kerfið verði lýsandi fyrir hvoru tveggja, list lærðra og leikra?
Greinarhöfundur hefur um nokkurt skeið unnið að því verkefni, að finna leið fyrir sjálfan sig til að geta skilið myndlist, hverju nafni sem hún nefnist. Niðurstaðan er einföld tilgáta 16 lykla, eða Hringferill myndlistar, sem hægt er að nota til að átta sig á margbreytni tjáningar og úrvinnslu. Stefnur og tækni skipta ekki meginmáli í þessu kerfi, miklu frekar þær margþættu tilfinningar sem vakna hjá höfundi verksins og snerta þann sem skoðar. Menn geta haft þetta kerfi til hliðsjónar, breytt því og þróað, eða búið til nýjar kenningar á grundvelli þess, en umfram allt hleypt því inn í umræður dagsins. Frumleiki og sakleysi eru útgangspunktar í tilgátunni Hringferli myndlistar, sjálfsprottnir, n. k. hliðstæður og andstæður í sömu andrá. Svipað gildir reyndar um aðra þætti hringsins, þeir tengjast og spegla hver annan. Þá er þáttur eða lykill stundum tvíhliða: tvenns konar myndgerð sprettur af sömu rótinni.

Frumleiki
Hrein og tær hugmynd sem stendur ein án nokkurs stuðnings, leitar ekki í fylgi annarra hugmynda, þróast ekki, og koðnar niður ef reynt er að fylgja henni eftir í tilbrigðaformi. Þeir örfáu listamenn sem sífellt birta frumlegar hugmyndir og ný sjónarhorn, njóta yfirleitt ekki mikillar athygli, hvorki markaðar né fræðinga. Þeir eru taldir skorta nauðsynlega staðfestu, eru jafnvel sakaðir um skort á einkennandi stíl, en eru í raun sívirkir, ferskir og leitandi og skapa áhrifarika myndlist. Hugmyndir þeirra ljóma í heiðríkju og gagnsæi þar sem hvert verk myndar hlekk í persónulegri heildarsýn. Þeir eru snillingar sem aðrir listamenn líta til með aðdáun úr fjarlægð, en geta ekki nýtt sér þau miklu áhrif sem þeir verða fyrir af verkum þeirra.

Könnun
Hugmynd er tekin til rannsóknar, unnin af nákvæmni, sett fram með skilgreindar aðstæður í huga og leidd að rökréttri niðurstöðu. Úrvinnslan gerir kröfur um óþvingaða efnisnotkun, fagmennsku og gæði.

Aðdáun
Myndmálið er þrautpínt og þaulunnið út frá hugmyndum tiltekins listamanns, sem ósjálfrátt eða meðvitað hefur lagt línurnar með áhrifamætti sínum. Sporgöngumaður sem reynir að skapa sér sérstakt stílbrigði, gefst fljótt upp og snýr sér að annarri fyrirmynd til að herma eftir. Hann virðist ekki geta viðað að sér áhrifum þannig að verk hans fái persónulegan blæ, séu hans eigin.

Vani
Listræn tjáning, en ekki list. Höfundurinn er sefjaður af sjálfsmærð og stöðugri aðdáun annarra. Ákveðin form eru endurtekin, t. d. hallandi flötur upp frá vinstri til hægri (skriða með lausagrjóti), glannalegir litir, flottheit og stælar. Svona fljótandi myndgerð á yfirleitt greiðan aðgang að áhrifagjörnum kaupendum sem líta fremur til vinsælda en gæða. Hún er sýnileg í sérverslunum og stórmörkuðum, markaðsett af fagmannlegri kunnáttu og útsjónarsemi, rétt eins og hver önnur vara. En það vantar í hana merg og blóð, lífsháskann.

Föndur
Annars vegar ósjálfstæð myndgerð þar sem er málað eftir númerum eða steypt í mót og skreytt samkvæmt leiðbeiningum. Menn föndra líka eftir eigin fyrirmyndum og telja sér trú um að þeir séu að þróa eitthvað sér á parti. Rammar skipta miklu í þessari fjöldaframleiðslu, vandað handverk, hannaðar og prentaðar umbúðir og skreytingar.
Hins vegar myndgerð sem sprettur af kunnuglegum dæmum úr einkalífi eða áhugamáli, s.s. ljósmyndum af dýrum, sem dregin eru upp í gegnum glærur, en ná ekki alveg svipnum. Þær fá þó hugþekkan blæ og sjálfstætt yfirbragð vegna frávika í teikningu og litanotkun, og feta sig á þeirri mjóu línu sem aðskilur list frá fúski, og ganga yfir í frásagnarlistina.

Listlíki
Formgliðnun, aragrúi smáatriða, ofhlæði og úrkynjun, þannig að handverkið ber innihaldið ofurliði. Verkið drukknar í hryggð eða skopi.
Listlíki getur líka verið hvati fyrir menn að breyta til, að nota það sem fyrirmynd að nýju listaverki, stækkað, skrumskælt eða upphafið, þannig að það fái ferskan hljóm og falli að ríkjandi andrúmslofti.

Þjóðrækni
Rómantísk sýn á land og þjóð með afar persónulegri nálgun, kærleik og virðingu, jafnvel verndartilfinningu. Mikilvæg gildi eru í brennidepli, afturhvarf til æsku og dýrmætra minninga sem vekja ljúfar kenndir.
Þetta tilfinningaríka sjónarhorn birtist í kvöldstemmum og þokulandslagi, afmarkaðri sýn, nálægð við landið og órjúfanlega tryggð við það.

Skreyti
Myndgerð sem lýsir gleði og hamingju með fjörmiklum tilviljunarkenndum formum og táknrænum gervingum. Hún er eins og hvirfilvindur, sveigð, hraðvirk og sláandi, liggur upp við yfirborðið en nær sjaldan tilfinningalegri dýpt. Hún hefur oft mikið aðdráttarafl og höfðar til þeirra sem eru ánægðir með tilveruna og finna ekki þörf hjá sér til að grufla mikið í innihaldinu.

Sakleysi
Einföld myndgerð, sjálfsprottin og hispurslaus, gerð án utanaðkomandi áhrifa, endurtekin með litlum tilbrigðum og fáum litum, oft í stórum flokkum þar sem öll verkin eru svipuð. Myndgerðin er frásagnarlaus og speglar persónu höfundarins. Hún verður sjaldnast langlíf, annað hvort kemur hún fram of seint á ævinni, eða hann bætir við hana, skreytir eða skýrir, þannig að hún tengist minni eða munnlegri tjáningu.

Rétt er að geta þess að teikningar barna eru af öðru tagi, því að börn staðsetja sig í myndheiminum og hafa næstum því líkamlega nánd. Þau segja sögur og lýsa reynslu, fela eitt og ota öðru fram eftir hentugleikum.

Íhald
Fylgispekt við gamlar hefðir, fast skipulag og táknglldi í kyrrstæðum samfélögum. Gerður er greinarmunur á því hvar einstaklingur stendur innan ættflokks eða stærri heildar, almúga eða hirðar. Oftast eru verkin bundin trúarathöfnum, kynferðismálum og manndómsvígslum, veiðum, ferðalögum, minningum um látna, lækningum, töfrum og launhelgum.
Þessi myndgerð hafði gríðarmikil áhrif á alþjóðlega list í byrjun 20. aldar, en skekkti um leið nokkuð sýn manna á gildi hennar innan hugmyndaheimsins og umhverfisins sem mótaði hana og þróaði í rás aldanna. Í nútímanum örlar á staðlaðri myndgerð meðal hópa sem hafa tilhneigingu til að þjappa sér saman, s.s. íþróttafélaga og einkaklúbba. Hún birtist í virðulegum táknum, merkjum, bikurum, fánum og minjagripum sem viðhalda samruna, einingu, trúmennsku, staðfestu og völdum.

Frásögn
Myndir sem varðveita andblæ liðinna tíma, lýsa aflögðu verklagi og atvinnuháttum, taka fyrir sögur og minni, örnefni, ákveðinn stað, dal, fjall, goðafræði, ævintýri, leiki og ferðalög, eða yfirnáttúruleg fyrirbæri, oft með nákvæmum útskýringum. Viðburðir úr æsku, greyptir í vitundina, eru sagðir á sjálfsagðan hátt, rétt eins og fréttir. Athyglisvert er hversu oft fólk í slíkri frásögn er annars hugar og fjarstatt, jafnvel dapurt, eins og það hafi grun um aðsteðjandi skelfingar.
Þá má nefna þau vinnubrögð frásagnarfólks að nota efni sem það finnur á förnum vegi eða því áskotnast á annan hátt, og kveikir neistann. Þetta eru náttúruform, afgangar og endurvinnanlegir hlutir.

Viðbragð
Myndir sem eru unnar sem andsvar við áreiti, einelti og höfnun, ofbeldi, einangrun, fangelsun, fikn, svikum, uppsögn, meiðslum, veikindum, missi og sorg.
Annars vegar flytja þær beinskeytt skilaboð með blygðunarlausum framslætti og ruddaskap, niðurbroti, klámi og trúarofstæki. Dómsdagsmyndir eru tíðar, fjallað um hamslausar refsingar, pyntingar og hrikaleg örlög. Þessi myndgerð getur í mörgum tilfellum verið aðdragandi að sjálfsvígi, neyðaróp, lokakall.
Hins vegar eru myndirnar innhverfar og blíðar, fara yfir þröskuld raunveruleikans og stefna inn á við þar sem hlutirnir eru afstæðir og sérgerðir og hafast við í friði og spekt. Það sem áður útilokaði viðkomandi mann frá eðlilegri þátttöku, tákngerist smám saman í vörn utan um sársauka og einmanaleika. Hann afneitar því sem hrjáir hann og reynir að sætta sig við orðinn hlut, felur, upptendrar, fegrar, gleymir – og fyrirgefur.

Sýnir
Annars vegar myndgerð sem framkallast af neyslu vímuefna þar sem óraunverulegir atburðir brjótast fram stjórnlaust, oft með sprengikrafti og látum. Formin eru sveigjanleg og afbökuð, litadýrðin sjúkleg. Þetta eru uppskurðir á sál og líkama, endurlausn og alsæla, eða hyldýpi martraðarinnar. Framsetningin er í engum tengslum við raunveruleikann, hún er ósjálfráð framrás undirmeðvitundarinnar.
Hins vegar myndgerð sem verður til vegna bágrar geðheilsu eða langvinnrar lyfjameðferðar,

nema hvort tveggja sé. Menn grípa í nærtæk hálmstrá, eru í nánu sambandi við fljúgandi furðuhluti og guðlegar verur. Þeir telja sig hafa ákveðnu hlutverki að gegna og trúa á þau skilaboð sem þeim berast með ofurnæmri sýn, skynjun eða heyrn. Þessir listamenn hreyfa hressilega við ímyndunaraflinu og hræra upp í öðrum, oft óvænt og skemmtilega.

Stemming
Hleypidómaleysi, kærulaust viðhorf gagnvart lærdómi, höfnun á sannindum og umsnúningur á viðurkenndri hegðun. List í þessum flokki er vaxtarbroddur í þróun nýrrar tjáningar og logar af skrýtnum uppátækjum, elskulegri kímni, barnslegri ádeilu og striðni. Stundum er hún gelgjuleg, en umfram allt heiðarleg og unnin af réttri tilfinningu í rétt efni. Athyglisvert er að skoða hvernig höfundar þessarar myndgerðar sækja í listlíkið eða ígildi þess, notfæra sér möguleika upplausnar, formleysu og ofhlæðis og tengja þá persónulegum geðhrifum og ýktum félagslegum þáttum. Það er eins og þeir yppi öxlum og spyrji: Er þetta eitthvað til að tala um?

Ýkjur
Gagnrýn afstaða, pólitískar öfgar, listfræðileg innskot og endurgerð hrollvekjandi mynda með yfirgengilegum hætti. Markmiðið er að slá frumverkinu við. Einnig að koma öðrum í klandur með óþægilegum samlíkingum. Höfundurinn er haldinn sjálfumgleði, sjálfsupphafningu og sýndargerð, sækist eftir frægð og umtali. Hann hefur þörf fyrir að hneyksla og stuða og kalla fram viðtæk viðbrögð, jafnvel með listrænu atferli sem jaðrar við sjálfspíningu. Þrátt fyrir „gáfulegar" skýringar, þá er skoðandinn litlu nær um innihaldið. Þótt verkið orki á hann sem framsækni og hann standi andaktugur frammi fyrir því, þá reynist það oft vera efnislítið eða holt að innan þegar það er fagmannlega krufið.

Speki
Gervivísindi með sýndarrökum, hjáfræði og sérvisku. Vitnað í eigin rannsóknir með miklu streymi upplýsinga og smáatriða sem ruglar skoðandann í rýminu, nema hann hafi lagt á sig nokkurt erfiði til að skilja hugsunina og sé orðinn innvígður í hugmyndakerfið. Myndgerðin er yfirleitt falleg og grípandi, og ef skoðandinn nýtur hennar frjáls og óþjakaður af inntakinu, þá verður hann undir eins aðdáandi viðkomandi listamanns.

Andstreymi, aðlögun
Þegar viðurkenndur listamaður kýs að eyða ellinni í blámálaðri íbúð
að búa til flugdreka, þá líður sál hans fljótlega upp til himna, áreynslulaust.

Hvað er það í myndum alþýðulistarmanna sem snertir fólk svo djúpt? Er það vegna þess að þær eru í takt við tíðarandann hverju sinni? Aðeins á undan eða aðeins á eftir?
Hvað er tíðarandi listsköpunar? Er hann virkur sýnileiki í staðbundinni þjóðfélagsgerð? Alþjóðlegur samhugur áhrifamikilla listamannafélaga, gagnrýnenda, listhúsa, listasafna og listmarkaða? Er það enn talið gott og gilt að fylgja breiðum straumi? Hvað þá um klett sem skagar upp úr og stenst álagið? Eða þann sem finnur sér nýjan farveg?
Þegar skapandi menn víkja frá miðlægni í listum, er sagt að þeir séu ákaft leitandi, kafi ofan í myndmálið til að kalla fram sálræna spennu og tilfinningalega dýpt. Rætt er um þróaða, ferska

nálgun, hugrakka aðlögun og nýja birtingarmynd. En þessir listamenn hafa oftar en ekki orðið fyrir einhvers konar hnjaski og búa við tímabundið eða langvarandi kreppuástand. Viðbragð hugarins verður innvirkt, ekki í takt við venjuna, hann tekur óvænt hliðarspor sem geta leitt til nýrrar sýnar á viðfangsefni. Listaverk þeirra falla, öllum á óvörum, undir viðbragðslist, en þeir halda fyrri stöðu á markaði vegna fjárhagsvægis, orðspors og náins vinfengis við valdsmenn. Áhrif alþýðulistar spanna vítt svið, allt frá Fauvisma til kúbisma, súrrealisma, dada- og expressionisma. Þau fljóta auðveldlega í gegnum popplistina og sívaxandi auglýsinga- og neyslusamfélag, inn í hugmyndalistina og nýja málverkið. En þau koma ekki eingöngu fram sem bernsk túlkun í málun og mótun. Þau blómstra í uppákomum, gjörningum, umhverfislist og landslagi, rýmisverkum, innsetningum og myndböndum síðustu áratuga. Þau má finna í verkum manna sem horfa til fjarlægrar fortíðar, leyndar og dulúðar í helgiathöfnum og töfrum seiðmanna, staðsetningu stórra mannvirkja gagnvart sól og stjörnum, auk merkilegra fyrirbæra og ummyndana í náttúrunni.
Árið 1984 setti Museum of Modern Art í New York upp mikla sýningu undir heitinu: *Primitivism in Modern Art in the 20th Century – Affinity of the Tribal and the Modern*. Þar var lýst með samanburðardæmum, hve náin vensl eru með frumbyggjalist og helstu verkum í 20. aldar myndlist á vesturlöndum. Þegar þau eru skoðuð, vaknar sú spurning, hvort frumbyggjunum hefði ekki þótt þau á skjön við raunveruleikann og sagt: okkar list er reist á ríkri virðingu fyrir mannlegum gildum, af djúpri visku, trúarsannfæringu og þróuðum helgisiðum. Ykkar list er tilgerðarleg stæling, og þar af leiðandi vanvirða við okkar list?
Í ljósi þessa má svo ályktа, hversu þversagnarkennt sem það kann að hljóma, að áframunnar eftirmyndir í listum á þessum tíma megi skoða sem utangarðslist til hliðar við frumverkin! Stílbrigði byggð á Afríkulist ruddust eins og faraldrar út um allar grundir og gengu næstum því í arf frá manni til manns. Eða þau urðu að óbilgjarnri tísku eins og afstraktlistin, en áhangendur hennar komu fæstir auga á tengslin við upprunann og höfðu ekki hugmynd um strangflatarteppi bandarískra alþýðukvenna á 18. og 19. öld. Þeir afneituðu líka tengingum við skrautlist Araba. Afstraktlistin var í augum þeirra lokapunkturinn í þróun skapandi myndlistar og ríkti framundir 1960, ekki síst í hönnun og hýbýlaprýði, svo oft mátti ekki á milli sjá, hvort heldur var myndlist eða nytjahlutur – eins og í frumbyggjalistinni!
Athyglisverð þróun virðist í uppsiglingu í myndlist samtímans, eins og áður er getið, og er hægt að orða hana í einni setningu: Vel menntaðir unglingar standast inntökupróf í kröfuharða listaháskóla, leggja stund á listheimspeki, þrónarvinnu, hópmælsku og ritsmíðar, en útskrifast sem utangarðsmenn! Skortur þeirra á aðlögunarhæfni er aðdáunarverður. Þeir virðast ekki geta tileinkað sér strangt listnám og hefðbundna handverkskunnáttu, eða hafa hafnað hvoru tveggja, enda er slíkt einhverra hluta vegna fjarlægt tíðaranda þeirra og hugmyndum, tilfinningum og skilningi. Þeir lifa í fjölmiðaheimi sem hefur yfirtekið og mengað mannleg samskipti og stytt boðleiðirnar, en um leið fjarlægst gildi náttúrunnar sem voru samtvinnuð lífi eldra fólks. Þessir ungu einstaklingar hafa þroskast á óeðlilegum hraða og aflað sér viðtækari reynslu en þeir eldri búa yfir, en þetta er oft lúmsk gervireynsla án beinnar þátttöku snertingar, lyktar og þjáningar. Sem sagt: fölsk og kaldhömruð tónlistar-, kvikmynda- og sjónvarpsfréttareynsla. Unga fólkið gerir sér grein fyrir breytingunum og er hluti af þeim, það skapar af innri þörf og heiðarleika, setur sig hvorki í stellingar, né þvingar fram lausnir.
Svo undarlega vill til, að hið sama á við um það fólk sem kallað er alþýðulistarfólk, því það býr ekki við listfræðilegar eða listasögulegar hömlur, heldur talar út frá hjartanu og er sjálfu sér samkvæmt.

Yfir bjartsýnisbrúna

Þeir menn sem treysta sér ekki yfir fljótið,
liggja við brúarstöplana og grípa í fætur þeirra sem taka áhættuna.

Verkefninu Yfir bjartsýnisbrúna er ætlað það hlutverk, að tengja meginstrauma og jaðarsvæði, ræða söguleg og menningarleg tengsl lærðrar og sjálfsprottinnar listar. Báðar líta til baka, skoða náttúruna, goðsagnir, venjur og hefðir, en byggja um leið á arfleifð og innsæi þjóðarinnar.
Eftir því sem best er vitað, þá hefur verkefni sem þetta hvergi verið reynt fyrr. Það gæti því sveiflast upp á öldutopp nýrrar umræðu, í tíðræddri bið eftir framhaldi frjórrar sköpunar í alþjóðlegri myndlist. Það er ef til vill framlag Íslendinga, að rjúfa þessa bið, gefa tóninn?
Fólkið sem tekur þátt í sýningunni, er valið af því að það býr til frábæra hluti, hvort heldur sem það hefur lært í skólum eða af reynslu. Ekki var stefnt að því að setja upp áferðarfallega, hnökralausa sýningu, heldur láta verkin kallast á og spegla hvert annað. Safnasafnið leggur til fjölda verka sem það hefur keypt og varðveitir. Mörg hefur það kynnt á sýningum áður, en vill nú að þau fái hljómgrunn hjá fleiri listunnendum, séu sett upp í návígi við lærða list, til samanburðar, en fyrst og fremst að þau séu metin að verðleikum og standi jafnfætis öðrum listaverkum.
Hringferill myndlistar er hugsaður sem nokkurs konar stoðtæki, ekki sérstaklega fyrir listaverk þessarar sýningar, enda vantar verk í nokkra flokka, heldur til þess að áhorfendur geti spreytt sig á því að meta hvaða listaverk sem er og staðsetja þau innan kerfisins.
Myndþingið skerpir vonandi sýn manna á lærða og sjálfsprottna list. Listfræðingar og myndlistarmenn hafa kannað tengsl þessara farvega og lagt mikla vinnu í það að skilgreina viðfangsefni hvors um sig, nálgun, innihald, verklag og efnisnotkun.
Myndbandið um Safnasafnið og listamenn á þess vegum, er svo nokkurs konar vegvísir fyrir þá sem vilja kynna sér málin af öðrum sjónarhóli.

LESEFNI:

Aðalsteinn Ingólfsson: Einfarar í íslenskri myndlist
Almenna Bókafélagið – Iceland Review, Reykjavík, 1990

Shepard Barbash: Oaxacan Woodcarving
The Magic in the Trees
Chronicle Books, San Francisco, 1993
ISBN 0-8118-0250-7

Jos ten Berge (ritstjóri): Masters of the Margin
De Stadshof Museum of Naïve and Outsider Art, Zwolle, Holland, 1998
ISBN 90-75284-27-6

Natalia Brodskaïa: Naïve Art
Parkstone Press, New York, 2000
ISBN 1-85995-335-2

Laurent Danchin-Martine Lusardy: Art Outsider et Folk Art
Des Collections de Chicago
Haller Saint Pierre, Paris, 1998
ISBN 2-9510472-1-5

Granö-Honkanen-Pirtola: Itse tehty elämä ITE
DIY LIVES
Maahenki OY, Helsinki, 2000
ISBN 952-5328-066

Jean-Louis Ferrier: Outsider Art
Terrail, Paris, 1997
ISBN 2-87939-150-4

Hamlyn, London/New York/Sydney/Toronto: The Art Treasures of the World, an Illustrated History in Colour
(fjölmargir höfundar greina), 8. útgáfa, 1972
ISBN 0-601-07007-0

Henry Glassie: The Spirit of Folk Art
The Girard Collection at the Museum of International Folk Art, Santa Fé, New Mexico
Harry N. Abrams, New York, 1989
ISBN 0-8109-1522-2

Phyllis Kornveld: Cellblock Vision, Prison Art in America.
Roger Cardinal: Foreword: a brief history of prison art
Princeton University Press, 1997
ISBN 0-691-02976-8-61-9

Madelaine Lommel: L´Aracine et L´Art Brut
Horizon Groupe, Gémenos, 1999
ISBN 2-87720-263-2

John Maizels: Outsider Art and Beyond
Phaidon Press Limited, London, 1996
ISBN 0-1748-3149-2

John Maizels & Deidi von Schaewen: Fantasy Worlds
Taschen, Köln, 2000
www.taschen.com

Matthías Johannessen: Kjarvalskver
Listasafn Reykjavíkur, 1995
ISBN 9979-874

The Museum of American Folk Art, New York*:
Self Taught Artists of the 20th Century,
American Anthology, 1998
ISBN 0-8118-2099-8

The Museum of American Folk Art, New York:
Five Star Folk Art, One Hundred Masterpieces, 1999
ISBN 0-8109-3302-0

The Museum of Modern Art, New York:
Primitivism" in 20th Century Art
Affinity of the Tribal and the Modern,
Volume 1 & 2, 690 bls.,1984
ISBN 0-87070-534-2

Lucienne Peiry: Art Brut, The Origins of Outsider Art
Flammarion,Paris, 2001
ISBN 2-08010-584-1

*Heitir nú: The American Museum af Folk Art.



Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Akureyri

Mjallhvít og dvergarnir sjö, 2003

Snowwhite and the seven Dwarfs

Eins og köttur að elta fugl

Óvæntur gestur á kaffihúsi, vonsvikin brúður eða sebrahestur í lystigarði, það eru viðfangsefni mín
Líkt og ég gleðst yfir nýsprottnum fífli, getur spýtnahrúga gefið mér tilefni til að skapa listaverk sem gleðja og vekja mig til umhugsunar um það hversu gott er að vera til
Ég vinn í anda augnabliksins og læt tilfinningarnar bera mig hvert sem er, ekki til að komast hjá veruleikanum, heldur til að hrærast í honum

Like a cat chasing a bird

An unexpected guest in a café, a disappointed bride or a zebra in a park, these are my subjects
Just as a newly sprouted dandelion can bring me happiness, a bundle of wood can inspire me to create a work of art which can delight me and make me think about how good it is to be alive
I work in the spirit of the moment and I let my emotions take me anywhere, not to avoid reality but to live in it



Anna Líndal, Reykjavík

Í bakgarðinum, 2003

In the Backyard

Dagbók tímans

Daglegt líf rennur í gegn, sífelldur niður
Það er einhvers staðar síriti sem skrásetur, stöðugt
Ég finn fyrir honum í líkamanum, en það er ekki
þar með sagt að ég hafi aðgang að heimildaskránni
Engu að síður má tengja flest verk mín við dag-
bókarbrot, kveikjan er þá skynjun atburðarásar
sem kallar á nánari skoðun, víðara samhengi,
úrvinnslu, skilning og sköpun

Diary of time

Day to day life flows through, a constant trickle
There is a recorder somewhere that registers, constantly
I feel it in my body, but that doesn't mean that I can access the data
Even so, most of my work can be affiliated with diary entries, ignited then by a perception of a course of events which needs further examination, a wider context, processing, understanding and creation



Ágúst Jóhannsson, Hvammstanga

Örn, 2001

Eagle

Fleygur, 1995-2003

Flying

Lágflug og dýfur

Ég tálga fugla af löngun og ánægju, þeir eru mér minnisstæðir úr bernsku er ég fylgdist með lífsbaráttu þeirra í björgunum

Flying low and dips

I carve out birds with longing and pleasure, I remember them from my childhood as I watched them struggle with life in the cliffs



Bára Sævaldsdóttir, Akureyri

Skálar, 1998-2002

Bowls

Minningar

Ég sauma saman póstkort og jólakort og bý til úr þeim skálar

Þær nota ég undir kveðjur frá ættingjum og vinum

Memories

I stitch postcards and Christmas cards together and make bowls from them

These I use for greetings from relatives and friends



Bjarni Þór Þorvaldsson, Reykjavík

Í augsýn, 2002-2003


In sight

Dulmálslykill listarinnar

Ég læt undirmeðvitund mína og tilfinningu augnabliksins ráða för við listsköpunina Listin víkkar vitundina, og skýrir og skerpir skilning minn á sjálfum mér og umhverfinu

Code-key of art

I let my sub-conscious and the momentary emotion control the creation of my art. Art broadens the mind and hones and sharpens my understanding of myself and the environment.



Bjarni H. Þórarinsson, Reykjavík

Vísirós I, hugmynd að veggteppi, 2003
Index Rose I, idea for a tapestry
Vísirós II, hugmynd að gólfteppi, 2003
Index Rose II, idea for a tapestry

Ástríður + snilligáfa eða heimska
Sjónháttafræði í listrænum, heimspekilegum og vísindalegum tilgangi

Passions + genius or stupidity
Visual Constructive Art, Science and Philosophy



Gabríela Friðriksdóttir, Brussel

Meðferð, 2003

Therapy

Árás minnimáttarkenndarbakteríanna, 1999

Attack of the Minor Complex Bacteria

Meðferð

Árás minnimáttarkenndarbakteríanna

Ég stoppa upp teikningar, þær eru eins konar geðmengi og lýsa ákveðnu tilfinningalegu ástandi
Þær hrúgast upp eftir skapi, krassast og sveigjast á sinn hátt svo að ég er hætt að nota strokleður
Fyrir stuttu fór ég að að sauma og setja saman þrívíða hluti á svipaðan hátt og ég teikna
Meðferð, er ein þessara mynda, hún kemur úr vinnustofu minni í Brussel og mætir málverkinu sem geymt var í myrkri geymslu í Reykjavík, en hefur vonandi elst vel, því að ég er ánægð með það í ljósi minninganna

Therapy, 2003 and the Attack of the Minor Complex Bacteria, 1999

I stuff drawings; they are a kind of mental sets and describe a certain emotional state
They accumulate after moods, scrawl and jog in their own way so that I have stopped using an eraser
A short while ago I started sewing and assembling three dimensional things in a similar way to how I draw
Therapy, is one of these works, it comes from my studio in Bruxelles and meets the painting that was kept in a dark storage room in Reykjavik, but hopefully it has aged well because I'm fond of it in the light of my memories



Guðrún Vera Hjartardóttir, Reykjavík

Púfulingar, 2003
Tussocklings
(Íslenskar vættir, I. hluti
Icelandic Wights, I part)

Þakklæti til Íslenskrar Náttúru
Landið er sögusvið sem má ekki skemma
Landið var eitt sinn ósnert barn
Landið örvar ímyndunaraflið
Landið vekur upp andann
Landið gefur hugarró
Landið opnar hjartað
Landið gefur kjark
Landið hvetur
Landið heilar
Landið fæðir
Landið elskar
Landið minnir mig á hvaðan ég kem og hvert ég er að fara

Gratitude towards Icelandic Nature
The Land is a setting that must not be spoiled
The Land was once an untouched child
The Land stimulates the imagination
The Land wakes the mind
The Land gives one a peace of mind
The Land opens the heart
The Land breeds courage
The Land inspires
The Land heals
The Land gives birth
The Land loves
The Land reminds me where I am from and where I am going



Halldór Ásgeirsson, Reykjavik

"....og gá þar að orði sem kynni samt að ná yfir alla veröldina." , 2002
"...and look there for a word that would still cover the whole universe."

Höfuðskepnurnar
Jörð, loft, vatn og eldur hafa frá upphafi verið leiðarstef í myndsköpun minni
Í fyrstu var ætlun mín að búa til ákveðið táknmál, sprottin af áhuga mínum á fornum stafrófum eins og því kínverska, táknmáli Indjána og myndletri Egypta, myndrænni fegurð þess
Árið 1992 bræddi ég hraun með eldi, það ummyndaðist í svartan glerung, ekki ósvipaðan hrafntinnu
Ég gerði tilraunir með samspil birtu og vatns, blandaði bleklitum í glerskálar og bjó til eins konar lífrænar vatnslitamyndir
Verkið sem ég sýni er samtal stafrófa heimsins og endurbrædds hrauns sem límt er á diska, og má túlka sem tungumál jarðar, svartur glerungurinn minnir á myndletur og rímar við stafina svo úr verður samstæða, heildarsýn á viðfangsefnið

The elements
Earth, air, water and fire have always been prominent in my work
At first I meant to make a certain language of symbols, my intentions sprouted from my interest in ancient alphabets such as the Chinese, Native American signing and Egyptian hieroglyphics, their picturesque beauty
Inn 1992 I melted lava with fire, it transformed into black enamel, not unlike obsidian
I experimented with the interaction of light and water, mixed ink colours in glass-bowls and made some sort of organic watercolour paintings
The work I exhibit is a conversation between the alphabets of the world and remelted lava which is glued onto plates and can be interpreted as the languages of the world; the raven enamel suggests pictography and rhymes with the characters to create a harmonious and comprehensive view of the subject



Halldóra Kristinsdóttir, Reykjavík

Bátsferðir, 1990-2003

Boat trips

Bátsferðir

Að sækja rekavið, fara með ullina í kaupstað, taka út vörur í kaupfélaginu og flytja þær heim

Boat trips

To fetch driftwood, take the wool to town, get goods from the company store and bring them home



Hannes Lárusson, Reykjavík

Gulrótarreglan, 2003

The Order of the Carrot

Það sem allir skilja þarf ekki útskýringar við

That which all understand, needs no explaining

www.theorderofthecarrot.com



Hekla Dögg Jónsdóttir, Reykjavík

Töfrar, 2003

Magic

Í myrkvuðum salnum eru þung tjöldin dregin frá. Fram stígur töframaðurinn með sprotann sinn og framkallar stjörnuregn; yfir tóman salinn. Á sama tíma er kollegi hans að störfum við lygna á. Hann kyndir undir pottinum sínum, hrærir í seiðnum öðru hverju og lætur súputening falla út í til bragðbætis. Hann gefur þyrstum ferðalöngum sem eiga leið hjá að smakka.

In the darkened room heavy curtains open. The magician steps forward with his wand and produces stardust; over the empty room. At the same time his collegue is at work by a placid river. He stokes up the cauldron, stirs the infusion once in a while and drops a stock cube in for flavour. He lets passing and thirsty travellers have a taste



Helgi Björnsson, Huppahlið, Húnaþingi vestra

Fólk, 1994-2003

People

Tómstundir og búdrýgindi

Stytturnar sem eru sprottnar úr hugskotinu
Þær mótast af viðnum og hnífnum og þeim
hugdettum sem fæðast á meðan unnið er

Hobbies and windfall

Statues that sprout from the imagination
They are formed by the wood and the knife and
the ideas that are born during the labour



Helgi Þorgils Friðjónsson, Reykjavík

Íslenskir hundar, 2002-2003

Icelandic dogs

Tilraun til að skilja lífið

Að vinna með merkingu hluta og tákna og sérkenna í umhverfinu

Að setja þau fram í nýju ljósi sem annað hvort upphefur þau eða afhjúpar

Að nota hefðbundin efni sem gefa öryggis-tilfinningu á meðan merkingin leynir á sér

An attempt to understand life

To work with the significance of objects and signs and particularities in the environment

To present in a new light that either elevates them or reveals them

To use traditional materials that give a sense of security while the meaning is hidden



Hrefna Sigurðardóttir, Reykjavík

Úr hugarheimi, 2002-2003

From the imagination

Ferðin innávið

Þegar ég horfi á hvítan auðan flötinn fyrir framan mig, dofnar umhverfið og nærvera hljóðsins víkur frá

Ég líð á léttum vængjum inn í veröld sköpunarinnar, tilbúin að taka á móti gjöfum almættisins


Þannig verður mynd mín til, sem ný reynsla til að tjá, ný tjáning til að miðla

The inward trip

When I look at the white, blank surface in front of me the environment fades and the presence of sound recedes

I glide light-winged into the world of creation, ready to receive the gifts of the Almighty

That is how my picture comes to be, as a new experience to express, a new expression to mediate



Kristinn Guðbrandur Harðarson, Reykjavík

Skrifstofan, 1999

The Office

Verkin á sýningunni eru plön að veggmálverkum, sem á að stækka beint á vegg. Þau eru unnin upp úr dagbókum mínum, en í þær skrái ég það sem vekur athygli mína á einhvern hátt. Þetta eru aðallega lýsingar og frásagnir af umhverfi mínu og hugleiðingar út frá því. Annað verkið er draumur, hitt frásögn af nágranna mínum í Bandaríkjunum þar sem ég bjó og fyrirtæki hans.

The works in the exhibition are plans for mural paintings that are to be directly enlarged onto a wall. They are based upon entries in my diary where I note things that interest me in some way. These are mainly descriptions and accounts of my environment and speculations there of. One of the works is a dream; the other is an account of my neighbour in the States where I lived and of his company.



Laufey Jónsdóttir, Sæbóli, Húnaþing vestra

Fólk og fénaður, 2002-2003

People and livestock

Minningar bernskunnar

Ég klippti út fólk og dýr í pappa í æsku og lék mér að

Nú saga ég út og mála til að minnast bernskunnar

Childhood remembrances

As a child I cut out people and animals in carton and played with them

Now I saw out and paint to remember my childhood



Maria Jónsdóttir, Hvolsvelli

Klippimyndir, 2002

Cut outs

Sælulíf
Að þekkja kind og hest úr fjarlægð
Að finna gleðina gagntaka hjartað
Að eiga samleið með landinu og njóta hvíldar og friðar

The good life
To recognize a sheep and a horse from a distance
To feel joy overwhelm the heart
To cross paths with the land and enjoy rest and peace



Ólöf Nordal, Reykjavík

Hanaegg, 2003

Cokeney

Moðormur, varúlfur, vargasvín
vættur í konuskeggi
Keimlík er skapkenndin skopleg mín
skoffín´ í hanaeggi

Werewolf, Bugbear, Brownie, Troll
Wight in a woman's beard
Akin mine mood – quaint and droll
a basilisk from cokeney reared



Páll Guðmundsson, Húsafelli, Borgarbyggð

Andlit í vatni, 2003

Faces in Water

Andlitin

